

sýnilega hverjum atlað sitt sérstuka pláz til að starfa á og verða þar til verulegs gagns. En aftr er það víst, að ekki nærri því allir menn lenda nú í lífinu einmitt á því plázi, sem þeir helzt voru skapaðir fyrir. Og þegar svo er, þá notast hinir meðfæddu hæfileikleikar þeirra ekki líkt því eins vel og þeir hefði getað notast, hefði þeir lent inn á sitt rétta pláz. Denman sannleik viðrænna menn, þegar þeir segja, eins og vér heyrum svo oft, að sá eða sá hafi komið á skakka hyllu í lífinu. Hann hafði virkilega köllun til einhvers sérstaks æfistarfs, en leiddist viljugr eða nauðugr burtu frá því eiginlega hlutverki, er hann samkvæmt hæfilegleikum sínum eða gáfnafori var kallaðr til. Hin sérstöku hlutverk, sem einstaklingarnir eru kallaðir til, geta verið óendanlega margvísleg; þau geta verið í verklegu eða líkamlegu átt, og þau geta verið í hugsunarlegu eða andlegu átt; þau geta snúið eingöngu að þessari sýnilegu jarðnesku tilveru, og þau geta líka snúið að hinnu ósýnilegu, andlegu og eilífu tilveru. Margir lifa víst svo til elli-ára, að þeir komast aldrei að neinni niðrstöðu með tilíti til þess, til hvers þeir hafi eiginlega haft köllun í lífinu. Og af þeim, sem virkilega komast að fastri niðrstöðu um það, til hvers þeir sérstaklega hafi haft köllun, eru margir, sem enda svo æfi sína, að þeir aldrei komast inn á það starfssvið, sem þeir þó sjálfir vel vísu að þeir veru kallaðir til. —

Ekki veit eg, enda er það ekki mitt að ákveða það, til hvers hver einstakr yðar hefir helzt haft köllun í lífinu. En eg þykist vita, til hvers eg sérstaklega hafi haft köllun. Eg að minnsta kosti tel mér trú um, að eg viti þetta — viti, til hvers eg helzt hafi verið skapaðr. Eg álit, að eg hafi skapaðr verið til þess að verða ofrlitill vatnsveitingamaðr. Mér finnst, að eg hafi sérstaklega haft náttúru til þess að eiga við vatnsveitingar. Eg held eg hafi haft þessa náttúru eða tillnæging frá blautu barnsheini. Eg held, að eg hafi verið fæddr með þessari tillnæging. Ekki uppástend eg það nú samt. Það er örðugt að aðgreina sumu þá hæfilegleika og sumar þær tillnægingar, sem maðr hefir fengið í sig fyrir sérstök atvik í uppvexti sínum, frá þeim, sem maðr hafði í sér þegar eftir fæðing sína. En nokkuð er það, að frá því fyrst, er eg man eftir mér, hafi eg fundið til sérstakrar tillnægingar í þessa vatnsveitinga-átt. Eg hafði ákafllega snemma yndi af því að horfa á rennanda vatn. Mér fannst þá, að mig reglulega langa til að vinna að því að breyta ýmsum árfarvegum, hlaða fyrir þann og þann lækinn, og algjörlega breyta stefnu hans, sameina marga smálækki í einn, veita vatninu alveg burt úr þeim eða þeim stöðupolli, skapa ný stöðuvötn, byggja þar eða þar flóðgarð, búa til alveg nýja fossa, og margt fleira af þessu tagi. Og nokkuð er það, að eg kom oft alvotr og illa útístandi heim eitthvað utan af